

Lögfræðistofa Reykjavíkur  
Garðar St. Ólafsson hdl.  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. ágúst 2015

Yfirlýsing þín til fjölmiðla og ummæli um Stellu Briem.

Undirritaður gætir hagsmuna Friðriks Ármanns Guðmundssonar og Rínu Hauksdóttur Hvannberg fyrir hönd ólögráða dóttur þeirra Stellu Briem. Í gær fórst þú mikinn í fjölmiðlum með gildishlöðnum ummælum um dóttur þeirra og vitnaðir sjálfur um framgöngu hennar eins og þú hefðir verið sjónarvottur að atvikum. Þá tjáðir þú þig um huglæga afstöðu hennar til samskipta við ónafngreinda skjólstæðinga þína í Vestmannaeyjum 2. ágúst síðastliðinn, gerðir henni upp að hafa runnið í skap af ástæðu sem þú vitnar um sem staðreynd og hafa látið hendur skipta. Framganga þessi sætir furðu og er með henni gengið fram úr öllu hófi í meintri hagsmunagæslu fyrir hönd skjólstæðinganna.

Framganga Stellu hefur ekki gefið tilefni til þess að ráðist sé með þessum hætti gegn persónu hennar og friðhelgi, síst af lögmanni. Það sem Stella gerði var að greina frá því opinberlega að hafa orðið fyrir líkamsárás í Vestmannaeyjum og greina frá því af hvaða ástæðu hún taldi þá árás hafa átt sér stað. Stella nafngreindi engan í þeirri yfirlýsingu. Aðrir sem sáu þessa yfirlýsingu og höfðu orðið vitni að árásinni urðu síðan til þess að nafngreina eina stúlku. Nafn hennar var þar með ekki komið í þessa rafrænu umfjöllun fyrir tilstuðlan Stellu. Tekið skal fram vegna umfjöllunar þinnar um að Stella hafi ekki leitað til lögreglu að hún leitaði ásjár yfirvalda í Vestmannaeyjum og aðhlyningar heilbrigðisstarfsmanna og svo að nýju þegar til Reykjavíkur var komið. Heimildarmenn þínir hjá lögreglunni sem ekki gátu staðfest slíkt eru því annað hvort illa upplýstir eða hafa kosið að greina ekki rétt frá málavöxtum.

Vegna yfirlýsingar þinnar og umfjöllunar er óhjákvæmilegt annað en að vekja athygli á 34. gr. síðareglna lögmannna sem fjallar um þá skyldu lögmanns að sýna gagnaðilum skjólstæðinga sinna fulla virðingu og þá tillitssemi sem samrýmanleg er hagsmunum skjólstæðinganna. Eins og þér er kunnugt er æra fólks varin af 71. gr. stjórnarskrár og að ærumeiðingar varða við hegningarlög.

Hér með er skorað á þig að gæta betra hófs í framgöngu gagnvart dóttur skjólstæðinga minna hér eftir og beiðast jafnframt afsökunar á orðum þínum um hana. Vart þarf að fjölyrða um hve viðurhlutamikið það kann að reynast að lögmaður gangi svo harkalega fram. Sérstaklega gagnvart ólögráða einstaklingi en það að viðkomandi veiti feministafélagi innan menntaskóla forstöðu upphefur á engan hátt æruvernd hennar.

Virðingarfyllst,

Björn L. Bergsson hrl.